

VERÐSKRÁ FYRIR STÓRNOTENDUR UM AFNOT AF AÐSTÖÐU VIÐ KEFLAVÍKURFLUGVÖLL

1. Gildissvið og skilgreiningar

- 1.1. Verðskrá þessi gildir um notkun stórnotenda á almennum- og betri bifreiðastæðunum P3 & P1, við Keflavíkurflugvöll.
- 1.2. Verðskráin gildir einungis um ökutæki sem skráð eru fyrir 7 eða færri farþega, eru undir 3500 kg heildarþyngd og eru ekki skráð eða til notkunar í atvinnuskyni.
- 1.3. **Stórnotandi** skiptist í eftirfarandi:
 - 1.3.1. **KEF-Parking Standard notandi:** Lögaðili sem greitt hefur hið minnsta 2.000.000,- kr. á ársgrundvelli til KEF Parking fyrir notkun á lang- og skammtímabifreiðastæðum við Keflavíkurflugvöll.
 - 1.3.2. **KEF-Parking Plus notandi:** Lögaðili sem greitt hefur hið minnsta 20.000.000,- kr. á ársgrundvelli til KEF Parking fyrir notkun á lang- og skammtímabifreiðastæðum við Keflavíkurflugvöll.
- 1.4. Einungis notendur sem eru í virkum reikningsviðskiptum og í skilum hjá Isavia ohf. geta orðið **KEF-Parking Standard** eða **KEF-Parking Plus** notendur. Sé viðskiptamaður í vanskilum hjá Isavia, áskilur Isavia sér rétt til að fella niður afsláttarkjör.
- 1.5. Að öðru leyti gildir almenn verðskrá Isavia vegna bílastæðapjónustu.
- 1.6. Isavia leitast eftir að tryggja eftirfarandi fjölda stæða fyrir stórnotendur á meðan að rúm leyfir.
 - 1.6.1. Heildarfjöldi stæða fyrir Kef Parking Standard notenda: 30 stæði sem deilast á Kef Parking Standard notendur á P1
 - 1.6.2. Heildarfjöldi stæða fyrir Kef Parking Plus notendur: 80 stæði sem deilast á Kef Parking Plus notendur á P1
- 1.7. Fjöldi stæða takmarkast við framboð, þ.e. ef stæði fyllast verður eðli máls samkvæmt ekki mögulegt að taka við fleiri ökutækjum stórnotenda.

2. AFNOT

- 2.1. Stórnotandi skal bæta tjón á aðstöðu og fylgifé sem verður af völdum hans sjálfs, starfsfólks hans og viðskiptavina. Stórnotandi ber að hlíta þeim reglum er gilda hverju sinni um aðgang og umgengni í og við flugstöðina og á bifreiðastæðum við hana.
- 2.2. Stórnotandi þarf að skrá öll ökutæki inn í bílastæðakerfi Isavia, hið minnsta 30 mínútum áður en ökutæki er ekið inn á gjaldskyld svæði. Stórnotandi KEF-Parking Plus þarf að nota bókunarvél KEF-Parking. Stórnotandi KEF-Parking Standard þarf að nota bílastæðakerfi KEF-Parking (AutoPay).
- 2.3. **KEF-Parking Standard** notandi fær úthlutað í gegnum bílastæðakerfi KEF Parking að hámarki 10 bílastæðum inn á skammtímastæði hverju sinni ef nægur fjöldi lausra stæða er til staðar og 30 stæðum á langtímastæði hverju sinni ef nægur fjöldi lausra stæða er til staðar. Öll notkun um fram þann fjölda fer samkvæmt almennri verðskrá Isavia.

2.4. **KEF-Parking Plus** notandi getur að hámarki fengið úthlutað 80 bílastæðum inn á skammtímastæði á hverjum tíma og 40 stæðum á langtímastæði á hverjum tíma. Öll notkun umfram þann fjölda fer samkvæmt almennri verðskrá KEF-Parking.

3. FJÁRHÆÐ OG GREIÐSLA AFGJALDS

3.1

KEF Parking Plus

Daggjald P1	Verð per dag.
Dagur 1 - 7	2.500 kr
Eftir þann tíma	4.900 kr

Daggjald P3	Verð
1-7 dagar	1.900 kr
8-13 dagar	Skv. verðskrá
14+ dagar	Skv. Verðskrá

KEF Parking Standard

Tímagjald P1	Verð
Fyrsta klst.	350 kr
Önnur klst.	500 kr
Þriðja klst.	500 kr
Fjórtða klst.	Skv. almennri verðskrá
5.-24. klst.	Skv. almennri verðskrá

Gjald P3	Verð
1-4 klst	100 kr
4-24 klst	400 kr
1-13 dagar	Skv. verðskrá
14+ dagar	Skv. verðskrá

3.2. Isavia áskilur sér rétt til að krefjast bankaábyrgðar eða persónulegrar ábyrgðar að fjárhæð kr. 6.000.000

4. VANEFNDIR

- 4.1. Greiði notandi ekki greiðslu samkvæmt verðskrá þessari innan 30 daga frá gjalddaga, fellur afsláttur niður. Eftir þann tíma skal stórnotandi greiða fyrir notkun samkvæmt almennri verðskrá Isavia ohf.

5. Gildistaka

- 5.1. Verðskrá þessi gildir frá 28. febrúar 2025.
- 5.2. Isavia áskilur sér rétt til frekari breytinga án fyrirvara.

Keflavíkurflugvelli, 28. febrúar 2025